










<p>Tölur sem segja okkur eitthvað, til dæmis tölur á klukku sem segja okkur hvað tímanum líður.</p>	<p>Stærsta tala sem þú/þið getið fundið</p>	<p>Eitthvað í náttúrunni sem hefur rúmfræðilegt form. Til dæmis blóm, jurt, ávöxtur, grænmeti, steinn eða trjágrein.</p>	<p>Rúmfræðilegt mannvirki til dæmis hús, stytta, brú, bogi eða gluggi.</p>
			
<p>Listaverk sem sýnir áhugaverð rúmfræðileg form</p>	<p>Hópur af hlutum sem er of stór til að vera talinn.</p>	<p>Hlutur sem er flatur að lögun eða búinn til úr beinum línum eða brúnum en engum bogum.</p>	<p>Hlutur sem hefur aðeins bogadregna fleti</p>
			

<p>Eitthvað sem þú/þið teljið að þurfi mjög nákvæmar mælingar eða flókna útreikninga til að búa til.</p>	<p>Hringir inni í öðrum hringjum.</p>	<p>Eins margir ferningar eða rétthyrningar og þú/þið getið sett í eina og sömu myndina.</p>	<p>Marghyrningur með sem flestar hliðar. Marghyrningur er flatt lokað form með beinar hliðar.</p>
			
<p>Ófullkominn hringur. Eitthvað sem er næstum því fullkominn hringur en þó ekki alveg.</p>	<p>Falinn þríhyrningur. Þríhyrningur gerður með hliðum hluta eða myndast í bili milli hluta og er aðeins sjáanlegur frá ákveðnu sjónarhorni.</p>	<p>Hönnun sem er búin til með því að raða rúmfræðilegum formum hlið við hlið án bila. Það kallast þökun, til dæmis hellulögn.</p>	<p>Hlutir eða form sem raðað er í litríkt og samhverft mynstur. Eins og vængir á fiðrildi eða blóm.</p>
			

Nokkrir hlutir sem mynda mynstur með lit, stærð eða formi.



Nokkrir svipaðir hlutir sem er ráðað tilviljanakennt án þess að fylgja mynstri.



Nokkrir svipaðir hlutir sem er ráðað eftir stærð.



Hlutur sem gæti verið flott og spennandi rennibraut fyrir þig ef þú gætir minnkað líkama þinn.

